



Reykjavík, 23. maí 2024

USK24050101

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa umhverfisgæða

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8.maí 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvað íbúar í Bólstaðarhlíð geti gert til þess að snúa þeirri ákvörðun skipulagsyfirvalda við að fjarlægja gáma fyrir plast og pappír úr sorpgerðinu – safnað undirskriftum?

Greinargerð fylgdi fyrirspurn:

Gámarnir við Kjarvalsstaði anna ekki því magni sem til fellur af pappír og plasti úr hverfinu. Það veldur síðan auknum sóðaskap sem og auknum keyrslum íbúa borgarenda á milli með plast og pappír. Það er einmitt pappír og plast sem er megin uppistaðan í því sorpi til fellur frá heimilum hvað umfang varðar. Málmur og gler getur varla verið það stór hluti að það þurfi undir það heilt sorpgerði. Þetta fyrirkomulag gæti þýtt fjölgun sorptunna við hús í hverfinu sem hefur í för með sér aukin kostnað og tefur enn frekar tæmingu.

Fyrir utan það óhagræði sem af þessari ákvörðun stafar, gengur hún beinlínis gegn grænu plani. Ein keyrsla gámabíls vegna pappa og plasts er minna inngrip í umferð og mengun höfuðborgarinnar í stað allra þeirra einkabíla sem nú þurfa að keyra út og suður með rusl sem annars hefði verið hægt að ganga með í grenndargámanna í Bólstaðarhlíð.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. 15. maí 2024.

Svar:

Með svokölluðum hringrásarlögum sem fólu í sér breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 skal frá 1. janúar 2023 hefja sérsöfnun á pappír og plasti við íbúðarhús og söfnunin skal fara fram innan lóðar. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu innleiddu vegna þessa nýtt flokkunar og hirðukerfi sumarið 2023 þar sem hafin var söfnun á pappír og plasti frá öllum heimilum. Þrátt fyrir söfnun á plasti og pappír við heimili var ákveðið að í nýju kerfi yrðu gámar fyrir pappír og plast á nokkrum grenndarstöðvum til að taka við tilfallandi umframmagni sem ekki rúmast í sorpílátum. Séu íbúar að jafnaði ekki með næga rýmd í sorpílátum þarf að fjölga sorpílátum við heimili, almenn söfnun á þessum úrgangsflokkum á grenndarstöðvum samræmist ekki lögnum.



Reykjavík



Með tilfallandi umframmagni er átt við t.d. þegar meira fellur til við veisluhöld og hátíðir eða ef tafir verða á hirðu vegna bilana eða færðar. Nú hafa tafir ekki orðið á hirðu frá því sl. áramót og því ljóst að ekki er um tilfallandi úrgang að ræða anni grenndargámakerfið ekki því sem skilast af pappír og plasti.

Í 23.gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 segir: „Sveitarfélög skulu innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. [...] Skylt er að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, svo sem með því að miða gjaldið við magn úrgangs, gerð úrgangs, losunartíðni, frágang úrgangs og aðra þætti sem áhrif hafa á kostnað við meðhöndlun úrgangs viðkomandi aðila.“

Í lögnum er því kveðið á um að hver og einn íbúi skuli greiða fyrir það magn úrgangs sem fellur til hjá honum og greiða raunkostnað við söfnun og meðhöndlun hans. Það fyrirkomulag sem innleitt er í lögnum hefur verið nefnt „borgað þegar hent er“ (e. PAYT).

Í Reykjavík hefur borgað þegar hent er verið innleitt með þeim hætti að íbúar greiða fyrir það rúmmál úrgangs sem þeir henda. Ódýrara er að vera með 240L tunnu en 360L. Ef tunnurnar rúma ekki það magn sem fellur til á heimilinu þurfa íbúar að að fjölga tunnum eða fá sér stærri og greiða í samræmi við það.

Með því að bjóða upp á möguleika á að henda plasti og pappír óháð magni er unnið gegn markmiðum laganna um að íbúar greiði fyrir meðhöndlun á þeim úrgangi sem fellur til á þeirra heimili. Íbúar þurfa því, sama hvar þeir eru búsettir, að fjölga ílátum undir úrgang ef þau anna ekki því magni sem fellur til.

Íbúar í Bólstaðarhlíð er innan við 1000 metra fjarlægð frá næstu grenndarstöð sem safnar pappír og plasti. Það er sameiginlegt fjarlægðarviðmið allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í næstu gáma sem safna þeim úrgangi. Staðsetning grenndarstöðva er í stöðugt í skoðun og hefur ábending íbúa í Bólstaðarhlíð verið móttækin og verður höfð til hliðsjónar ef breytingar verða gerðar innan hverfisins.

Rúmist fleiri sorpílat ekki í sorpgeymslum borgarbúa má skoða með að auka hirðutíðni á pappír og plasti úr þrem vikum í tvær. Aukin hirðutíðni eykur hins vegar kostnað við hirðu. Íbúar í fjölbýli geta mögulega fækkað ílátum með aukinni hirðutíðni sem dregur aftur úr kostnaði og fleiri íbúar geta nýtt tvískipta tunnu fyrir pappír og plast. Til samanburðar er hirða á pappír og plasti á þriggja vikna fresti í Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi en fjögurra í Hafnarfirði og aðra hverja viku í Kópavogi.

Virðingarfyllst,
Benedikt Traustason
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa umhverfisgæða



Reykjavík